

## Skólaráðsfundur 7. mars 2018

Fundinn sátu: Vildís Bjarkadóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Sólveig Arna Ingólfssdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Arnar Freyr Guðmundsson, Marsilía Guðmundsdóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Óskar kynnti drög að teikningum af skólalóð og bílastæði við skólann, en framkvæmdir eru fyrirhugaðar í sumar. Rætt um skipulag bílastæðis, leiktæki á lóð og nýtingu leiksvæðis.

Lús. Rætt um hvernig hægt er að stemma stigu við útbreiðslu lúsar, en erfiðlega hefur gengið að útrýma henni á þessu skólaári. Skólaráð lýsti sig mjög fylgjandi þeim verklagsreglum sem fylgt er í skólanum þegar lúsatilfelli koma upp, en send er tilkynning til allra foreldra um lús og foreldrar í viðkomandi bekk beðnir um að kemma hár barna sinna. Ef kemming hefur ekki farið fram næsta dag eru foreldrar beðnir um að koma í skólann og kemma barn sitt þar eða fara með barnið heim þar til kemming hefur farið fram. Nokkur dæmi eru um óánægju foreldra vegna þessara reglna. Hugmynd kom fram um að skólaráð sendi frá sér yfirlýsingu til foreldra varðandi málið.

Skóladagatal skólaársins 2018-2019.

Kynnt drög að skóladagatali næsta skólaárs. Farið yfir upphaf skóla og skólalok, vetrarfrí, skipulagsdaga, frídaga og fleira. Rætt nánar á næsta fundi þegar búið er að leggja skóladagatalið fyrir starfsmenn skólans o.fl.

Næsti skólaráðsfundur er fyrirhugaður 21. mars.